

## 095/01 - Besta - Sigurvon

Besta og Sigurvon, seglskútur, brjóta möstur á siglingu.

### Besta

**Skipaskr.nr.:** 9838

**Smíðaður:** Hveragerði 1995 Plast

**Stærð:** 3,85 brl; 5,28 bt

**Lengd:** 7,95 m **Breidd:** 2,73 m **Dýpt:** 0,96 m

**Vél:** kW **Ágerð:**

**Annað:** Seglskúta

**Földi skipverja:** 7

### Sigurvon

**Skipaskr.nr.:** 9839

**Smíðaður:** Hveragerði 1994 Plast

**Stærð:** 3,85 brl; 5,28 bt

**Lengd:** 7,95 m **Breidd:** 2,73 m **Dýpt:** 0,96 m

**Vél:** kW **Ágerð:**

**Annað:** Seglskúta

**Fjöldi skipverja:** 5

### Atvikalýsing

Þann 22. september 2001 stóð yfir siglingakeppni frá Reykjavíkurhöfn í Kópavogshöfn. Meðal þátttakenda voru seglskipin Besta 9838 og Sigurvon 9839. Þegar skipin voru í liðugum vindí komin út fyrir Akurey og búin að ná upp mikilli ferð eða um 14 hnútum, reið skyndilega yfir stormhviða af SA, sem fór í 21m/sek. Við þetta skyndilega átak á reiða skipanna og mikinn seglabúnað brotnaði stórsigla Bestu og féll fyrir borð. Um hálfri mínútu seinna brotnaði stórsigla Sigurvonar og féll hún einnig fyrir borð. Besta komst af eigin rammleik til hafnar en Sigurvon var dregin.

### Við rannsókn kom fram

- að keppnin átti að byrja kl. 11:00 en var frestað vegna veðurs til kl. 12:15;
- að veðurstofan spáði um morguninn SA 13 – 18 m/sek en færri hægjandi þegar liði á morguninn;
- að mikill seglbúnaður var á stórmastrinu.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.